

Perlan Unglingastig.

Gögn:

- Teikningar af Perlunni, hægt að nálgast hjá teikningar í fullri stærð hjá þjónustuveri Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að velja teikningar sem eru í réttum hlutföllum og gott er að fá teikningu þar sem horft er ofan á perluna og þar sem horft er framan á hana.
- Málbönd, reglustíkur, gráðubogar, A3 blöð



Hér eiga nemendur að skoða teikningar af perlunni, búa til vinnuteikningu og nota hana til þess að hanna sitt eigið líkan. Hér er gott að vinna í 3 til 4 manna hópum.

Vinnuteikning þarf að innihalda:

- Grunnteikningu af líkaninu sem hópurinn ætlar sér að búa til, málin á líkaninu og taka fram hvaða hlutföll þau ætla að nota
- Hverskonar form koma fram í Perlunni, bæði þrívíð og tvívíð
- Útreikningur á yfirborðsflatarmáli Perlunar
- Útreikningur á rúmmáli vatnsins sem kemst fyrir í einum tanki.

Líkanagerð:

Hópurinn vinnur að líkani út frá vinnuteikningunni sinni. Hægt er að gera líkanið úr ýmsum efnivið, svo sem pappa og plasti. Ef hægt er getur einnig verið gaman að nýta þrívíddaprentara.

